



Reykjavík, 12. janúar 2023
PON22090061

Efni: Heimild til að hefja verkefnið talgreinaþjónusta borgarstjórnarfunda.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd skrifstofu borgarstjórnar, að hefja verkefnið talgreinaþjónusta borgarstjórnarfunda. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / verkbeiðnanúmer 226251. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2023 til lok apríl 2023 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 17,7 m.kr., þar af tilheyra 7,3 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 10,4 m.kr. í rekstrarkostnað yfir 3 ára tímabil.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík, 12. janúar 2023
PON22090061

Greinargerð:

Forsaga verkefnisins er sú að fram til ársins 2012 voru allar umræður sem fram fóru á opnum fundum borgarstjórnar skrifaðar upp orð fyrir orð, skjalaðar og birtar opinberlega. Í starfsáætlunum skrifstofu borgarstjórnar frá árunum 2012 og 2013 kom fram að til að bæta aðgengi almennings að fundunum yrði lögð áhersla á beinar útsendingar fundanna á netinu, bæði í hljóð og mynd, auk þess sem unnið yrði að því að gera gögn funda almennt aðgengileg fundafólki og eftir atvikum almenningi á vef borgarinnar. Við forgangsröðun þessara verkefna á skrifstofunni var eftirritun umræðna í borgarstjórn hætt en að fundi loknum var hægt að nálgast hljóð- og myndupptökur af fundunum auk hefðbundinna fundargerða. Þessi breyting hafði áhrif á aðgengi heyrnarlausra að fundunum og takmarkaði leitarmöguleika. Á árinu 2022 hófst tilraunaverkefni með rauntímatextun á fundunum í beinni útsendingu. Sömu tækni má nýta til þess að sækja texta úr upptökum fundanna frá árunum 2012-2021 þar sem umræða er ekki til skrifuð upp.

Talgreining borgarstjórnarfunda með rauntímatextun í beinni útsendingu hefur verið unnin sem tilraunaverkefni í eitt ár. Hún eykur aðgengi allra borgarbúa að efni fundanna, t.d. heyrnarskertra og -lausra. Áframhald verður á textun funda í beinni útsendingu en til viðbótar verður ein af afurðum verkefnisins textaskjal þar sem heildartexti hvers fundar er safnað saman. Þá stendur einnig til að safna saman heildartextum frá borgarstjórnarfundunum sem áttu sér milli 2012 - 2021. Leiðir slík framkvæmd af sér bætt aðgengi fyrir starfsfólk borgarinnar og ekki síst kjörna fulltrúa.

Verkefnið er sömuleiðis í takt við væntingar borgarbúa um tæknilegar framfarir og framboð á textuðu efni. Þá mun opnast fyrir möguleikann á að fletta upp í umræðum aftur í tímann sem auðveldar kjörnum fulltrúum að rækja sín störf. Ef verkefnið gefur góða raun, má í framtíðinni skoða þann möguleika að auka enn frekar framboð á rauntímatextuðu efni frá öðrum fundum á vegum borgarinnar, s.s. íbúafundum og opnum hverfisráðsfundum.

Verkefnið samræmist þjónustustefnu Reykjavíkurborgar að öllu leyti, ekki síst þar sem henni er m.a. ætlað að gera aðgang að upplýsingum til borgarbúa greiðari, skilvirkari og markvissari. Þá samræmist verkefnið sömuleiðis atvinnu- og nýsköpunarstefnu borgarinnar þar sem einn af afleiddum ávinningum verkefnisins er þróun og bætt tækni talgreiningar á íslensku. Verkefnið er þannig einnig í samræmi við máltækniáætlun íslenskra stjórnvalda fyrir 2018-2022 þar sem fjallað er um þörfina á þróun grunnverkfæra í máltækni líkt og opinna talgreina sem vinna með almennt mál sem einnig er hægt að laga að sérþörfum.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif. Kostnaður vegna verkefnis verður greiddur af eignasjóði sbr. samþykki borgarráðs þann 3. júní 2021 sbr. 13. lið fundargerðar borgarráðs s.d. um heimild þjónustu- og nýsköpunarsviðs til að hefja verkefnaklasa í tengslum við stafrænar umbreytingar.

Virðingarfyllst,

Þróstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur